



Auðbjörg Reynisdóttir
Melabraut 9
170 Seltjarnarnesi

Seltjarnarnesi, 9. nóvember 2010
2010060530/7.1.0

Efni: Kvörtun vegna heilbrigðisþjónustu á Landspítala.

Í tilefni af bréfi þínu, dags. 02.07.2010 ritaði Landlæknisembættið Landspítala bréf og óskaði eftir greinargerð ásamt afriti af sjúkraskrárgögnum með bréfi dags. 02.07.2010. Beiðnin var ítrekuð 20.09.2010. Bréf [redacted], aðstoðarframkvæmdastjóra lækninga Landspítala, dags. 27.09.2010 hefur borist ásamt meðfylgjandi læknabréfi sérfræðings í taugalækningum.

Í lögum um landlækni nr. 41/2007 er ákvæði í 2. mgr. 12. gr. laga um kvörtun til landlæknis. Þar segir: „Heimilt er að beina formlegri kvörtun til landlæknis vegna meintrar vanrækslu og mistaka við veitingu heilbrigðisþjónustu. Þá er notendum heilbrigðisþjónustunnar jafnframt heimilt að bera fram formlega kvörtun til landlæknis telji þeir að framkoma heilbrigðisstarfsmanna við veitingu heilbrigðisþjónustu hafi verið ótilhlýðileg.“

Með hliðsjón af læknabréfi [redacted] afriti af sjúkraskrárgögnum óskar Landlæknisembættið eftir rökstuðningi varðandi hvaða vanræksla eða mistök hafi átt sér stað við veitingu heilbrigðisþjónustu á Landspítala í tilviki þínu.

Virðingarfyllst,

Undirritun

yfirlæknir kvörtunar- og kærumála